



**Yfirmaður :** Deildarstjóri / leikskólastjóri  
**Stofnun / deild** Leikskólar í Fjarðabyggð

### **1. Stjórnskipun, ábyrgð, markmið og meginviðfangsefni**

Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og starfsmannastefnu Fjarðabyggðar. Starfsmaður aðstoðar einn eða fleiri nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Dagleg verkstjórn er í höndum deildarstjóra.

### **2. Helstu verkefni**

#### **2.1. Almennt**

- Vinnur að uppeldi og menntun barna á leikskólanum. Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar.
- Aðstoðar nemendur við daglegar athafnir og reynir að ýta undir færni og sjálfstæði þeirra
- Vinnur eftir áætlun sem útbúin hefur verið vegna sérþarfa nemenda.

#### **2.2. Stjórnsýsla og stefnumótun**

- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra.

#### **2.3. Teymisvinna**

- Situr starfsmannafundi, deildarfundi og aðra fundi er leikskólastjóri segir til um og varða starfsemi leikskólans.

#### **2.4. Samskipti**

- Samstarf við foreldra/forráðamenn barna á leikskólanum.
- Situr foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans.

#### **2.5. Önnur verkefni**

- Sinnir þeim verkefnum er varða uppeldi og menntun barnanna sem yfirmaður felur honum.

### **3. Hæfni- og samstarfsmarkmið**

#### **3.1. Menntun**

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af starfi með börnum.
- Góð þekking á uppeldisstefnu Fjarðabyggðar.

#### **3.2. Hæfnisþættir**

- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Fjarðabyggð